

ÖRNEFNANEFND

SKÝRSLA

2006

ÖRNEFNANEFND

Lyngási 7, ÍS-210 Garðabæ

Sími 544 2201, Bréfasími 544 2209

Veffang www.islenskan.is/gamalt_ornefnanefnd.html

SKIPULAG

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., með síðari breytingum, sbr. og 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og í samræmi við reglugerð nr. 136 um störf örnefnanefndar, frá 22. febrúar 1999.

Örnefnanefnd var þannig skipuð til 31. júlí 2006:

Ari Páll Kristinsson formaður.

Varamaður hans og varaformaður nefndarinnar: *Skúli Björn Gunnarsson*.

Jónas Jónsson, tilnefndur af umhverfissráðuneyti.

Varamaður: *Hrafn Hallgrímsson*.

Svavar Sigmundsson, tilnefndur af stjórn Örnefnastofnunar Íslands.

Varamaður: *Gunnlaugur Ingólfsson*.

Áheyrnarfulltrúi af hálfu Íslenskrar málnefndar með tillögurétti og málfrelsi: *Guðrún Kvaran*. Til vara: *Þóra Björk Hjartardóttir*.

Vegna breytinga á stjórnslu og skipulagi ýmissa stofnana innan íslenskra fræða við sameiningu þeirra undir Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum var örnefnanefnd skipuð til aðeins þriggja mánaða á seinni hluta ársins. Á tímabilinu 30. ágúst til 30. nóvember var nefndin því þannig skipuð:

Skúli Björn Gunnarsson formaður.

Varamaður hans og varaformaður nefndarinnar: *Sigurgeir Steingrímsson*.

Jónas Jónsson, tilnefndur af umhverfissráðuneyti.

Varamaður: *Hrafn Hallgrímsson*.

Svavar Sigmundsson, tilnefndur af Örnefnastofnun Íslands.

Varamaður: *Gunnlaugur Ingólfsson*.

Ekki lá fyrir skipan nýrrar nefndar um áramót.

Örnefnanefnd hefur haft aðsetur í húsakynnum Örnefnastofnunar Íslands undanfarin ár að Lyngási 7 í Garðabæ auk þess sem stofnunin hefur haft með höndum fjármál nefndarinnar. Við gildistöku laga um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum færðust þessar skyldur Örnefnastofnunar yfir á nafnfræðisvið hinnar nýju stofnunar. Um áramót var nafnfræðisviðið enn til húsa að Lyngási.

VERKEFNI

Verkefni örnefnanefndar eru skv. lögum og reglugerð þessi:

1. að taka við tilkynningu um nafn nýbýlis og fjalla um það til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
2. að fjalla um beiðni um breytingu á nafni býlis til samþykktar eða synjunar og senda samþykka nafnbreytingu til þinglýsingarstjóra;
3. að fjalla um beiðni sveitarstjórnar um lögfestingu á nafni á nýju þéttbýli eða þorpi, sem myndast hefur í landi jarðar eða jarða, til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
4. að úrskurða hvaða örnefni skuli sett á landakort sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra, sé ágreiningur eða álitamál um það efni og því hafi verið skotið til nefndarinnar;
5. að úrskurða um nýtt götunafn eða sambærilegt örnefni innan sveitarfélags, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;
6. að úrskurða um nýtt eða breytt nafn húss í kaupstað, kauptúni eða þorpi, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;
7. að veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýju sveitarfélagi eða nafnbreytingu og um þau nöfn sem greiða skal atkvæði um ef könnun er gerð á viðhorfi íbúa sveitarfélags til nafns þess.

HEIMASÍÐA

Á heimasíðu nefndarinnar (www.islenskan.is/gamalt_ornefnanefnd.html) má finna lög og reglugerð um störf örnefnanefndar, meginsjónarmið nefndarinnar um nöfn sveitarfélaga, leiðbeiningar og eyðublöð fyrir tilkynningu um nafn býlis og beiðni um breytingu á nafni býlis, ársskýrslur og skrár um nöfn á býlum sem tekin hafa verið upp eftir 1. ágúst 1998.

FUNDIR OG AFGREIÐSLA ERINDA

Haldnir voru níu fundir í örnefnanefnd árið 2006.

Nöfn býla

Tilkynningar um nöfn nýbýla:

Örnefnanefnd bárust á árinu formlegar tilkynningar um 41 nafn. Eftir umfjöllun í nefndinni voru 32 ný nöfn samþykkt og send þinglýsingarstjórum. Sex erindum var vísað frá eða frestað og þremur var hafnað.

Ástæðan fyrir því að erindum var vísað frá eða frestað var fyrst og fremst sú að ekki lágu fyrir leyfi frá landbúnaðarráðherra til stofnunar nýbýla. Í sumum tilfellum var von á slíku leyfi og var formlegri afgreiðslu erindisins þá frestað.

Tveimur nafntilkynningum var hafnað vegna þess að í sama umdæmi sýslumanns var önnur skráð fasteign með sama nafni, en slíkt er andstætt lögum um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953 og reglugerð nr. 136/1999. Einni tilkynningu var hafnað með vísan til þess að nafnið væri andstætt nafngiftahefð.

Árið 2005 hafði örnefnanefnd hafnað tiltekinni nafntilkynningu á þeirri forsendu að nafnið væri andstætt nafngiftahefð. Tilkynnandi kærði niðurstöðu nefndarinnar. Menntamálaráðuneyti úrskurðaði um málið 2006 og staðfesti niðurstöðu örnefnanefndar.

Beiðnir um breytingar á nöfnum býla:

Örnefnanefnd fékk á árinu eitt formlegt erindi um nafnbreytingu á býli. Beiðninni var hafnað á grundvelli sjónarmiða um varðveislu íslensks menningararfs og örnefnavernd. Ákvörðunin var kærð til menntamálaráðuneytis sem óskaði í kjölfarið eftir umsögn og afstöðu nefndarinnar til kærunnar. Úrskurður ráðuneytisins lá ekki fyrir í árslok.

NÝ NÖFN 2006

Árið 2006 tók örnefnanefnd – samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum – við tilkynningum um eftirgreind nöfn býla og sendi nöfnin hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum til þinglýsingar:

Árbyrgi. Úr landi Bjargs, Rangárþingi ytra.
Árskógar. Úr landi Merkihvols, Rangárþingi ytra.
Bakrangur. Úr landi Þóroddsstaða, Ölfusi.
Berangur. Úr landi Svínhaga, Rangárþingi ytra.
Birkimelur. Úr landi Mels, Borgarbyggð.
Fjallsgerði. Úr landi Ytra-Fjalls, Aðaldælahreppi.
Fornhagi. Úr landi Hemlu I, Rangárþingi eystra.
Garður. Úr landi Svínhaga, Rangárþingi ytra.
Grenhóll. Úr landi Ytri-Tungu, Snæfellsbæ.
Hamarskot. Úr landi Hamars I og II, Flóahreppi.
Heiðarás. Úr landi Skálabrekku, Bláskógabyggð.
Holtakot. Úr landi Holtakota, Bláskógabyggð.
Hraunvellir. Úr landi Ólafsvalla, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
Keldudalur. Úr landi Álftagrófar, Mýrdalshreppi.
Klapparholt. Úr landi Eskiholts 2, Borgarbyggð.
Langholt. Úr landi Lækjar I, Rangárþingi ytra.
Litlapúfa. Úr landi Dvergsstaða, Eyjafjarðarsveit.
Lynghóll. Úr landi Bitru, Flóahreppi.
Lynghólmi. Úr landi Stokkhólma, Akrahreppi.
Riddaragarður. Úr landi Ásholts, Ásahreppi.
Selholt. Úr landi Minni-Bæjar, Grímsnes- og Grafningshreppi.
Sjónarhóll. Úr landi Hárlaugsstæða 2, Ásahreppi.
Skák. Úr landi Brekkna I, Rangárþingi ytra.
Skálateigur. Úr landi Skúflækjar, Flóahreppi.
Skálatjörn. Úr landi Skúflækjar, Flóahreppi.
Sólbakki. Úr landi Lauta í Reykjadal, Þingeyjarsveit.
Sólgarður. Úr landi Sólvangs, Þingeyjarsveit.
Stekkur. Úr landi Lambhagalands 6, Reykjavík.
Tunguháls II. Úr landi Tunguháls, Skagafirði.
Vindás. Úr landi Einarstaða, Hörgárbyggð.
Vindheimar. Úr landi Sjávarhóla, Reykjavík (Kjalarnesi).
Þjórsárbakki. Úr landi Mjósýndis, Flóahreppi.

LANDAKORT OG VEGVÍSAR

Örnefnanefnd fjallaði um það ágreinings- eða álitamál hvort setja ætti á landakort örnefnið *Biskup* á sker norðan við Geirólfsgnúp eða á klettadrang yst á Geirólfsgnúp. Hinn 18. október samþykkti örnefnanefnd eftirfarandi úrskurð um örnefnið *Biskup*:

Skv. 2. gr. laga nr. 35/1953 með síðari breytingum, um bæjanöfn o.fl. og 7. gr. reglugerðar um störf örnefnanefndar nr. 136, 22. febrúar 1999, ber örnefnanefnd að skera úr ágreiningi eða álitamálum um hvaða örnefni verða sett á landabréf sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirrar stofnunar.

Örnefnanefnd barst erindi frá Landmælingum Íslands, dags. 7. mars 2006, um það ágreinings- eða álitamál hvort setja eigi á landakort örnefnið *Biskup* á sker norðan við Geirólfsgnúp eða á klettadrang yst á Geirólfsgnúp. Málið var fyrst rætt á fundi örnefnanefndar 29. mars 2006 þar sem formaður dreifði gögnum og reifaði málið lauslega. Á næsta fundi nefndarinnar, 25. apríl 2006, var umræðu framhaldið og formanni falið að semja auglýsingu í blöð og bréf til málsaðila. Á fundi nefndarinnar 15. maí 2006 dreifði formaður auglýsingu um málið ásamt skrá um viðtakendur og var hvorttveggja samþykkt.

Í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 136/1999 var ágreiningsefnið auglýst í dagblöðum (23.-25. maí 2006) og í Lögbirtingarblaðinu (1. júní 2006) til þess að hverjum þeim sem teldi sig búa yfir vitneskju eða ábendingum er að haldi kæmu, gæfist færi á að kynna örnefnanefnd álit sitt. Auglýsingin var jafnframt send Landmælingum Íslands, Örnefnastofnun Íslands, hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, hlutaðeigandi landeigendum skv. upplýsingum frá sýslumanninum á Ísafirði og sýslumanninum á Hólmavík, menntamálaráðuneyti, umhverfisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Frestur til að skila ábendingum sem að haldi gætu komið við undirbúning úrskurðarins var gefinn til 1. ágúst 2006.

Nokkrar ábendingar bárust og kynnti formaður þær á fundi örnefnanefndar 6. september 2006. Þá var samþykkt að formaður óskaði eftir ítarlegri gögnum frá Landmælingum Íslands sem nefndarmenn gætu kynnt sér ásamt öðrum gögnum áður en úrskurðað yrði í málinu á næsta fundi nefndarinnar, 18. október 2006.

Skrá um greinargerðir og ábendingar sem bárust:

Skriflegar ábendingar eftir birtingu auglýsingar: ábending dags. 12. júní 2006, ábending dags. 6. júlí 2006, ábending dags. 25. júlí 2006,

ábending dags. 27. júlí 2006 og ábending dags. 9. ágúst 2006. Jafnframt greinargerð málshefjanda (LMÍ) ásamt fylgiskjölum, samantektum og afgreiðslum og yfirlitum um staðsetningu nafnsins á kortum Landmælinga Íslands, dags. 13. september 2006.

Niðurstaða

Örnefnanefnd hefur nú fjallað um staðsetningu örnefnisins í ljósi eigin athugunar og þeirrar vitneskju og ábendinga sem fram hafa komið.

Óumdeilt er að landamerki milli Reykjarfjarðar og Skjaldabjarnarvíkur ásamt sveitarfélagamörkum milli Ísafjarðarbæjar og Árneshrepps og þar af leiðandi sýslumörkum Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu, eru um *Biskup*. Ágreiningurinn snýst um hvort örnefnið *Biskup* eigi við sker norðan við Geirólfsgnúp eða klettadrang yst á Geirólfsgnúp.

Örnefnanefnd byggir úrskurð sinn á þeim gögnum sem henni bárust í málinu ásamt athugun á öðrum heimildum. Niðurstaða nefndarinnar er sú að öll rök hnígi að því að klettadrangurinn yst á Geirólfsgnúp beri örnefnið *Biskup*. Helstu röksemdir nefndarinnar eru:

- a) Af ljósmyndum og kortum verður ekki annað ráðið en klettadrangurinn sé mun sýnilegra kennileiti en skerið. Hann sést langt að af sjó og heimildir greina frá fiskimiðum út af Furufirði er kallast *Biskupinn* þar sem ber saman nesodda Þaralátursness og Geirólfsgnúps.
- b) Landamerkjalyásingar Skjaldabjarnarvíkur frá 1890 og Sæbóls frá 1892 benda til að landamerki séu um klettadranginn fremur en skerið.
- c) Á landabréfum allt fram til ársins 2000 hafa sýslumörk verið dregin beint úr Geirhólmi og yst á Geirólfsgnúp þar sem klettadrangurinn er. Ætla mætti að ágreiningur um þá markalínu hefði komið fram fyrir löngu ef að sýslumörkin ættu að vera um skerið sem er allnokkru vestar.
- d) Örnefnaskrár sem varðveittar eru hjá Örnefnastofnun Íslands um örnefni í Skjaldabjarnarvík og Reykjarfirði, skráðar eftir einstaklingum sem fæddir eru undir lok 19. aldar, benda eindregið til þess að örnefnið *Biskup* hafi verið haft um klettadranginn yst á Geirólfsgnúp.

Örnefnanefnd úrskurðar að á landakortum, sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra, skuli örnefnið *Biskup* sett á klettadrang yst á Geirólfsgnúp.

NÖFN SVEITARFÉLAGA

Örnefnanefnd veitti á árinu umsagnir um nöfn átta sveitarfélaga. Annars vegar var um að ræða umsagnir um sjö nafnatillögur sem lagðar yrðu fyrir íbúa í atkvæðagreiðslu um nafn sameinaðs sveitarfélags. Hins vegar var um að ræða umsögn um fyrirhugaða breytingu á nafni sveitarfélags.

ANNAÐ

Formaður örnefnanefndar, Ari Páll Kristinsson, sótti 23. fund örnefnafræðinga á vegum Sameinuðu þjóðanna (United Nations Group of Experts on Geographical Names, skammstafað UNGEGN), sem haldinn var í Vín í Austurríki 28. mars – 4. apríl 2006. Á fundinum gerði hann grein fyrir starfi að örnefnamálum hér á landi. Þetta er í fyrsta skipti sem Íslendingar eiga fulltrúa á þessum alþjóðavettvangi örnefnafræðanna.

Hinn 1. september 2006 tóku gildi lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnastofnun Íslands var ein þeirra stofnana sem þá voru sameinaðar undir nýrri háskólastofnun og verkefni hennar nú vistuð undir nafnfræðisviði hinnar nýju stofnunar. Í reglugerð menntamálaráðherra nr. 136/1999, um störf örnefnanefndar, segir í 1. gr. að örnefnanefnd hafi aðsetur í húsakynnum Örnefnastofnunar Íslands. Þá hefur nefndin haft sameiginlegan fjárhag með stofnuninni. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tók við þessum skyldum af Örnefnastofnun og naut örnefnanefnd áfram aðstöðu að Lyngási 7 í Garðabæ.

Lyngási 7, Garðabæ
19. febrúar 2006



ÖRNEFNANEFND
Skúli Björn Gunnarsson formaður